



Tillaga að:

STARFSLEYFI

Ungmennafélagið Smáriinn

Kt. 541080-0239

-Prettándabrenna-

Staðsetning: malarkrúsir norðan Laugalands á Þelamörk, Hörgársveit

Tímasetning: 06.01.2024 kl:19⁰⁰-23⁵⁹

Ábyrgðaraðili: Egill Már Þórssonkt. 211102-3570

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m. s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum fyrir brennur.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Greinargerð:

Sótt var um starfsleyfi þann 9. nóvember sl. tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 13. nóvember, 4 vikna frestur til athugasemda rennur því út þann 11. desember 2023

x. desember 2023

f.h. Heilbrigðisnefndar

NN
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði fyrir brennur

1. Gildis- og ábyrgðarsvið:

- 1.1 Leyfið tekur til brennu, á ákveðnum stað og á tilteknum tíma og degi með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi löggreglusamþykk og neðangreindum skilyrðum:
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi löggreglufirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.
- 2.2 Veitt er leyfi fyrir stórra eða lítilli brennu enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislöggreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”
- 2.3 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati löggreglu.
- 2.4 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.
- 2.5 Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 2.6 Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskkör, nettaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnar með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarárfögnum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 2.7 Vöktun á brennu skal vera samfellt sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislöggreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 2.8 Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- 2.9 Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar ár hvert.
- 2.10 Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.